

**Ed.** **449. Breytingartillögur** [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (JÁH).

1. Við 7. gr. Á eftir 9. tölul. bætist nýr stafl., svo hljóðandi:  
2. málsgr. E-liðs 15. gr. falli niður.
2. Við 8. gr. Aftan við 4. mgr. bætist inn ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi  $\frac{2}{5}$  hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.
3. Á eftir 23. gr. bætist svo hljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir, vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.